

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í þéttbýli Langanesbyggðar.

1. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund í þéttbýli í Langanesbyggð, sbr. 19. gr. samþykktar um hunda- og kattahald í Langanesbyggð nr. 181/2011, skal vera 9.373 kr. Innifalið í leyfisgjaldi er hundahreinsunargjald, trygging, númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött í þéttbýli í Langanesbyggð, sbr. 19. gr. samþykktar nr. 181/2011, skal vera 7.290 kr. Innifalið í leyfisgjaldi er kattahreinsunargjald, trygging, númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

3. gr.

Við upphafsskráningu hunds/kattar skal liggja fyrir vottorð frá dýralækni um örmerkingu viðkomandi dýrs. Kostnaður af örmerki greiðist af eiganda dýrsins.

4. gr.

Eigandur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af brotum gegn samþykkt um hunda- og kattahald í Langanesbyggð þ.m.t. óheimilli lausagöngu, handsömun, vörslu og skilum dýranna eða aflífun.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal leyfishafi greiða handsömunargjald skv. samþykkt um hunda- og kattahald í Langanesbyggð.

Fyrir fyrsta skipti	kr. 15.621
Fyrir annað skipti	kr. 20.828
Fyrir þriðja skipti	kr. 26.036

Að auki skal greiða kr. 3.124 fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem hundur eða köttur hefur verið í vörslu. Míðast greiðsla vegna föngunar við fjölda skipta sem dýrið er fangað á 12 mánaða tímabili. Ef til aflífunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflífunarkostnað.

5. gr.

Með vísan til 19. gr. í samþykkt um hunda- og kattahald nr. 181/2011 greiða eigendur hunda og katta á lögbýlum ekki leyfisgjald heldur einungis útlagðan kostnað við ormahreinsun.

6. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjármámi.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með vísan til heimilda í samþykkt um hunda- og kattahald í Langanesbyggð nr. 181/2011 og samkvæmt 57. og 58. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002.

Gjaldskráin tekur gildi við birtingu.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar, 15. desember 2016.

Elías Pétursson sveitarstjóri.